



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólasókn

Markmið með reglum um skólasókn er að veita nemendum og foreldrum / forráðamönnum stuðning við nám og ástundun nemenda.

Lög um grunnskóla, 19. gr. Ábyrgð foreldra.

„Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnarsýslulaga við meðferð málsins.“

- Í upphafi hvers skólaárs hafa allir nemendur fullnægjandi skólasókn.
- **Seinkoma gefur eitt fjarvistarstig.** Komi nemandi til kennslustofu eftir að kennslustund hefst telst hann seinn.
- **Fjarvist gefur tvö fjarvistarstig.** Komi nemendur 20 mínútum of seint eða meira fær hann óheimila fjarvist.

Nemendur eiga að sækja allar kennslustundir. Veikindi ber að tilkynna samdægurs í Mentor eða í síma skólans (553 2590), ella verða þau skráð sem óheimilar fjarvistir.

Skemmri leyfi, einn til þrjá daga mega umsjónarkennarar veita en láta skrifstofustjóra skólans vita. Ef nemandi þarf að fá frí lengur en þrjá daga þurfa foreldrar/forráðamenn að sækja um það hjá skólastjóra eða skriflega á skrifstofu skólans. Umsóknareyðublað er aðgengilegt á heimasíðu skólans. Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna á meðan þau eru í leyfi.

Ástundun nemenda er sýnileg í Mentor og send foreldrum mánaðarlega. Athugasemdir þurfa að berast skrifstofu innan viku ella skoðast færslurnar samþykktar. Umsjónakennari fylgist með mætingum nemenda sinna og ber ábyrgð á fyrstu þrepum í ferlinu.

Reglurnar taka mið af verkferli fyrir skólasóknarkerfi grunnskóla Reykjavíkur sem var samþykkt í Skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar þann 12. nóvember 2019. Þær eru hluti af starfsáætlun skólans.



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn eru sett upp í fimm þrep.

Þrep 1 10 fjarvistarstig

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamenn.

Þrep 2 20 fjarvistarstig

Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn til fundar ásamt skólastjóra eða fulltrúa hans. Dagsett í Mentor.

Þrep 3 30 fjarvistarstig

Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn til fundar ásamt skólastjóra eða fulltrúa hans. Nemendaverndarráð upplýst með vitneskju foreldra/forráðamanna. Fundargerð skráð.

Þrep 4 40 fjarvistarstig

Fundur með skólastjóra, umsjónarkennara, foreldrum/forráðamönnum og fulltrúa skólaþjónustu (viðbragðsteymi skólaþjónustu). Fundargerð skráð og áætlun gerð um aðgerðir.

Þrep 5 60 fjarvistarstig

Eftir umfjöllun í nemendaverndarráði sendir skólastjóri tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda.



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Leyfi og veikindi

Prep 1 5 veikinda- og/eða leyfis dagar

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamenn.

Prep 2 10 veikinda- og/eða leyfis dagar

Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn til fundar ásamt skólastjóra eða fulltrúa hans.

Prep 3 15 veikinda- og/eða leyfis dagar

Umsjónarkennari tilkynnir stöðuna til skólastjóra sem tekur erindið upp í nemendaverndarráði ef þörf þykir. Ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru vegna veikinda getur nemendaverndarráð tekið ákvörðun um að fela fulltrúa skólaheilsugæslu að hafa samband við foreldra/forráðamenn.

Prep 4 20 veikinda- og/eða leyfis dagar

Málið tekið upp í nemendaverndarráði sem getur tekið ákvörðun um að skólastjórnandi/fulltrúi boði foreldra til fundar ásamt umsjónarkennara og fulltrúa skólaþjónustu (viðbragðsteymi skólaþjónustu).

Prep 5 30 veikinda- og/eða leyfis dagar

Nemendaverndarráð skólans tilkynnir til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda.